



Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið  
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Fjarðabyggð 4. desember 2023

Tilvísun 2311197

**Efni:** Uppbygging Suðurfjarðarvegjar

Fjarðabyggð hefur tekið til umsagnar mál nr. 82, þingsályktunartillögu um Uppbyggingu Suðurfjarðarvegjar. Vísar Fjarðabyggð til umsagnar sinnar um samgönguáætlun dagsetta þann 6. nóvember sl. er varðar Suðurfjarðaveg sem send var til umhverfis- og samgöngunefndar

[Umsögn Fjarðabyggðar um samgönguáætlunm, mál nr. 112/2023](#)

Fjarðabyggð hvetur umhverfis- og samgöngunefnd til að leita allra mögulegra leiða til að flýta þeim úrbótum sem nauðsynlegar eru á Suðurfjarðarvegi.

Fh. Fjarðabyggðar  
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri



Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Fjarðabyggð, 9. apríl 2024  
Tilvísun 2404058/14.1.1

## Framkvæmdir við Suðurfjarðaveg

Bæjarráð Fjarðabyggðar tók til umfjöllunar á fundi sínum 8. apríl 2024 ástand vegar um Suðurfirði og samþykkti eftirfarandi bókun.

Fjarðabyggð skorar á umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis að flýta framkvæmdum við Suðurfjarðaveg með því að endurskoða forgangsröðun í framlagðri samgönguáætlun sem er til meðferðar á nefndarsviði Alþingis.

Fjarðabyggð krefst þess að lokið verði verkhönnun allra áfanga Suðurfjarðavegar á árinu 2024 þannig að þeir verði tilbúnir til útboðs. Mörg alvarleg slys hafa orðið á veginum á undanförunum árum enda eru margir hlutar hans hættulegir samkvæmt alþjóðlegum umferðarstöðlum með fjölmörgum blindhæðum, hlykkjum og einbreiðum brúm sem standast ekki þungatakmörkanir. Ört vaxandi umferðarþungi flutninga, ferðamanna sem og annarra ökumanna kallar á tafarlausar úrbætur.

Fjarðabyggð leggur þunga áherslu á að framkvæmdum í Reyðarfjarðarbotni verði lokið ekki seinna en í árslok 2025 enda tenging atvinnulífs Suðurfjarða við eina stærstu vöruflutningahöfn landsins á Mjóeyrarhöfn. Brúin yfir Sléttuá er umferðarþyngsta einbreiða brú á Austurlandi og er jafnframt ein elsta brúin á hringveginum í dag. Brúin ber ekki þungavinnuvélar sem hefur ollið vandræðum í uppbyggingu atvinnusvæða í Fjarðabyggð en ferðast þarf með þungavinnuvélar yfir Sléttuá á vaði með tilheyrandi kostnaði, töfum og raski á umhverfinu. Í beinu framhaldi af þeim framkvæmdum þarf að hefja endurgerð annarra vegkafla og brúa á Suðurfjarðavegi enda hafa ekki átt sér stað neinar endurbætur á honum frá því lagt var bundið slitlag á gamlan ófullnægjandi veg fyrir um 35 árum síðan.

Verðmætasköpun í Fjarðabyggð er hlutfallslega stór hluti hagkerfisins og útflutningsatvinnuvegir þess afla verulegra gjaldeyristekna fyrir þjóðarbúið. Samgöngur eru undirstaða kraftmikillar uppbyggingar atvinnulífsins sem kallar jafnframt á stórauðna umferð á svæðinu, m.a. vegna skóla-, þjónustu- og atvinnusóknar sem hluta af eðlilegum lífsgæðum og þjónustuaðgengis. Mikið er um flutning á afurðum og vörum til og frá höfnum svæðisins og á milli fyrirtækja vegna álframleiðslu, sjávarútvegs og laxeldis svo dæmi séu nefnd. Fyrir nýsköpun í



ferðaþjónustu sem byggir á öruggum og greiðum samgöngum eru tafir á úrbótum veruleg hindrun.

Það er ljóst að íbúar og samfélagið í Fjarðabyggð er að leggja sitt af mörkum til þjóðarbúsins en miðað við fyrirbyggjandi drög að samgönguáætlun þá eru ekki gert ráð fyrir nýframkvæmdum innan sveitarfélagsins fyrr en á síðari hluta fyrsta tímabils. Þetta er óásættanleg staða fyrir íbúa og atvinnulíf sveitarfélagsins.

Gunnar Jónsson  
Bæjarritari

*Sent nefndasviði Alþingis, nefndarmönnum umhverfis- og samgöngunefndar og starfsmönnum*

\* Rafræn skilríki

Undirritað af: Gunnar Jónsson

Kennitala: 2910658059

Tími: 09.04.2024 20:42

Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með 